



## FUNDARGERÐ 480. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 9. maí 2023. Fundurinn er settur klukkan 07:41. Fundurinn er staðfundur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

**Sækja fund með fjarfundarbúnaði:** Orri Hlöðversson

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptapróunarstjóri, sækja staðfund. Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri sækir fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Árshlutauppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir árshlutauppgjöri SORPU.

#### 2. Staða Lambhagaverkefnis

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu Lambhagaverkefnis um uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar. Verkefnið hefur tafist en stefnt að því að framkvæmdir hefjist í desember 2023.

#### 3. Magntölur og grænt bókhald SORPU bs. árið 2022

Gyða S. Björnsdóttir umhverfisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 08:09

Gyða gerir grein fyrir magntölum og grænu bókhaldi ársins 2022.

Gyða vísar af fundi klukkan 08:48

#### 4. Staða brennsluverkefnis

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður, Þorsteinn Ingason lögmaður, Valgeir Páll Björnsson ráðgjafi, Hildur Sveinbjörnsdóttir og Jón Þór Sigurvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 08:48

Gestir gera grein fyrir stöðu brennsluverkefnis.

Árelía vísar af fundi 08:58.

Gestir víkja af fundi klukkan 09:29



## 5. Staða og horfur í rekstri Góða Hirðisins

Ruth Einarsdóttir, rekstrarstjóri Góða hirðisins, tekur sæti á fundinum undir þessum lið klukkan 09:30.

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir stöðu og horfum í rekstri Góða hirðisins.

Ruth vísar af fundi klukkan 09:49

### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 6. júní 2023 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:50.